**Nd. 437. Nefndarálit [36. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á að leiða aftur í lög skyldu ríkisins til að aðstoða bæjar- og sveitarfélög til að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Þörfin á að útrýma þeim ægilegu vistarverum, sem þúsundir fjölskyldna nú eru af þjóðfélaginu dæmdar til að hírast í, hefur aldrei verið brýnni en nú, og geta þjóðfélagsins og ríkisins til þess að byggja góðar íbúðir í staðinn hefur aldrei verið meiri en nú. Allt mælir því með því að samþykkja þetta frv.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hefur hins vegar lagzt gegn því, en ég legg til, að það sé samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1951.

Einar Olgeirsson.